



Jafnréttisstefna
Íþróttafélags Reykjavíkur
ásamt aðgerðaáætlun

Jafnréttisstefna ÍR

Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu. ÍR mun leggja áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Einstaklingar eiga rétt á að vera metnir að verðleikum sínum en ekki vegna uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarhátt eða kyns. Megináherslur í jafnréttismálum hjá félaginu eru:

- 1. ÍR gætir jafnréttis við úthlutun tíma, aðstöðu og fjármagns.**
- 2. ÍR gætir jafnréttis í allri umfjöllun á vefsíðu/í fjölmiðlum og í öllu efni sem félagið lætur frá sér.**
- 3. ÍR gætir jafnréttis við úthlutun úr afrekssjóðum og við formlegar verðlaunaafhendingar hjá félaginu.**
- 4. ÍR veitir konum og körlum jafna möguleika til starfa og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.**
- 5. ÍR leitast eftir að greiða konum og körlum jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.**
- 6. ÍR líður ekki einelti, fordóma, kynbundna eða kynferðislega áreitni.**

Með þessari jafnréttisstefnu er markmiðið að tryggja virkt jafnréttisstarf og að íþróttastarfið og aðstæður innan þess séu reglulega skoðaðar og endurmetnar til að skapa öllum jöfn tækifæri. Einnig að framfylgja 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 en þar kemur fram að kynjasambættingar skuli gætt við alla stefnumótun í íþrótt- og tómsundastarfi.

Jafnréttisstefna þessi nær til iðkenda, þjálfara, stjórna, starfsfólks og alla þá sem koma að starfinu. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins og er endurskoðuð og lagfærð er þurfa þykir. Árlega verður gerð úttekt á stefnunni og farið yfir markmið hennar og stöðu mála. Greinagerð um framkvæmd jafnréttisstefnunnar mun verða skilað til Íþróttabandalags Reykjavíkur samhliða skilum á ársreikningi.

Reykjavík 30. nóvember 2018

Samþykkt af aðalstjórn og íþróttastjóra ÍR



Aðgerðaráætlun

1. ÍR gætir jafnréttis við úthlutun tíma, aðstöðu og fjármagns.

1.1 ÍR úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri. Félagið úthlutar tíma í samræmi við aldur. Þess er gætt að bæði kyn njóti þess að vera á „jafngóðum“ tíma dagsins.

1.2 Bæði kynin njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.

1.3 Samræmi er fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.

1.	Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgð	Eftirfylgd	Tímarammi
1.1.	Að úhluta jafn mörgum tímum til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar	Mæling á fjölda tíma eftir kyni sömu greinar.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári í upphaf hverrar annar
1.2	Að veita báðum kynjum sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnað	Úttekt á aðstöðu og aðbúnaði	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári í upphaf hverrar annar
1.3	Að samræma fjárveitingar innan félagsins eftir kynjum og íþróttagreinum	Samanburður á fjárveitingum til greina og niður á kyn	Framkvæmdastjóri	Stjórn félags	1x á ári

2. ÍR gætir jafnréttis í allri umfjöllun á vefsíðu/í fjölmiðlum og í öllu efni sem félagið lætur frá sér.

- 2.1** Þess er gætt að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.
- 2.2** Á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar koma bæði konur og karlar fram fyrir hönd félagsins.
- 2.3** Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af báðum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.
- 2.4** Félagið vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.

2.	Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgð	Eftirfylgd	Tímarammi
2.1.	Fjallað er jafnt um bæði kyn og íþróttagreinar í allri umfjöllun hvort sem er á vefsíðu, í fjölmiðlum eða öðru útgefnu efni	Mæling á fjölda fréttu á heimasíðu skipt eftir kyni og íþróttagreinum.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	2x á ári
2.2	Bæði konur og karlar koma fram fyrir hönd ÍR á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar	Mæling á hlutfalli stjórnenda og starfsmanna sem vegna starf síns koma fram fyrir hönd ÍR.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári
2.3	Gætt er að því að fyrirmyndir séu af báðum kynjum	Mæling á fjölda fréttu á heimasíðu, verðlauna og þjálfara skipt eftir kyni.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári
2.4	Unnið er markvisst gegn staðalímyndum með því að jafna kynjahlutfall meðal iðkenda og þjálfara	Mæling á fjölda iðkenda og þjálfara eftir kyni og íþróttagrein. Úttekt á kynningarefni.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári

3. ÍR gætir jafnréttis við úthlutun úr afrekssjóðum og við formlegar verðlaunaafhendingar hjá félaginu.

3.1 Við úthlutun úr afrekssjóðum eru upphæðir/úthlutanir sem jafnastar eftir kynjum.

3.2 Verðlaun til beggja kynja og innan allra deilda eru sambærileg.

3.3 Kostunaraðilar og aðrir samstarfsaðilar eru upplýstir um þá stefnu ÍR að jafnréttis sé gætt milli kynja og greina í verðlaunum innan félagsins.

3.	Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgð	Eftirfylgd	Tímarammi
3.1.	Að úthlutun úr afrekssjóðum sé sem jöfnust til beggja kynja	Mæling á fjölda úthlutuna úr afrekssjóðum skipt eftir kyni	Framkvæmdastjóri	Stjórn félags	1x á ári
3.2	Að veita sömu eða sambærileg verðlaun	Mæling á fjölda verðlauna og úttekt á verðlaunum eftir kyni og íþróttagreinum	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári
3.3	Að upplýsa kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um stefnu ÍR gagnvart verðlaunum	Mæling á fjölda styrkja og hlunninda frá samstarfsaðilum skipt eftir kyni og íþróttagreinum	Framkvæmdastjóri	Stjórn félags	1x á ári

4. ÍR veitir konum og körlum jafna möguleika til starfa og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.

4.1 ÍR mun vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan félagsins. Gætt er að því að hafa kynjahlutfall starfsfólks/þjálfara sem jafnast.

4.2 ÍR mun vinna að því að hafa hlutfall kynjanna sem jafnast í stjórn, ráðum og nefndum.

4.	Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgð	Eftirfylgd	Tímarammi
4.1.	Að jafna hlut kynja innan félags með því að skapa starfsumgjörð sem henti báðum kynjum	Mæling á fjölda starfsmanna skipt eftir kyni og starfi.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári
4.2	Að taka fram að seta í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ÍR henti jafnt konum sem körlum en hvetja sérstaklega það kyn sem hallar á hverju sinni.	Mæling á fjölda meðlima í öllum stjórnnum eftir kyni.	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	1x á ári

5. ÍR leitast eftir að greiða konum og körlum jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.

5.1 Kynin njóti sömu launa og kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf hjá félaginu. Laun eru ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun skulu ekki fela í sér kynjamismun.

5.	Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgð	Eftirfylgd	Tímarammi
5.1.	Að vinna að því að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf	Mæling á launum og hlunnindum skipt eftir kyni og starfsheitum og/eða starfsstöðvum	Framkvæmdastjóri	Stjórn félags	1x á ári

6. ÍR líður ekki einelti, fordóma, kynbundna eða kynferðislega áreitni.

6.1 Kynferðisleg áreitni og einelti er framkoma og hegðun sem ekki er liðin innan félagsins. Þeir sem verða fyrir kynferðislegri áreitni eða einelti eiga að snúa sér til þjálfara eða fulltrúa ÍR (Framkvæmdastjóri/Íþróttastjóri) sem hafa þá skyldu að koma málinu í réttan farveg. Skulu þessi mál fara í þann farveg sem greint er frá í aðgerðaáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun.

- *Með kynferðislegri áreitni er átt við kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn á það jafnframt við um klám hvort sem er í myndum eða máli. Klám, í hvaða mynd sem er telst einnig kynferðisleg áreitni.*
- *Með einelti er átt við hvers konar athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.*

6.	Aðgerð	Mælikvarði	Ábyrgð	Eftirfylgd	Tímarammi
6.1.	Að útbúa aðgerðaráætlun og kynna hana fyrir deildum	Mæling á fjölda deilda og þjálfara sem hafa kynnt sér aðgerðaáætlunina	Íþróttastjóri	Framkvæmdastjóri	Uppfærð þegar þörf þykir